

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um skipulag byggðar fyrir eldri borgarbúa

Fjölgun eldri íbúa er eitt af þeim verkefnum sem Reykjavíkurborg þarf að takast á við. Hugmyndir nútímans ganga út á að eldra fólk geti búið sem lengst í eigin húsæði og það er hlutverk okkar í Reykjavíkurborg að aðstoða og skipuleggja slíka byggð. Töluverður hluti húsnæðis í Reykjavíkurborg hefur ekki verið hugsaður til slíks. Stoðþjónusta er einfaldlega ekki til staðar. Þar þarf að hugsa til útivistar, áhugamála, félagslegrar þjónustu, heilsugæslu o.s.frv. Með slíku er hægt að styðja við að eldast heima. Ýmis vandamál geta komið í veg fyrir það að eldra fólk líði vel í núverandi húsakynnum. Húsnæðið getur verið of stórt, of dýrt sé að flytja, fólk vill komast í rólegt umhverfi, langt er í þjónustu við eldri borgara o.s.frv. Þetta er atriði sem við í Flokki fólksins viljum taka á.

Greinargerð

Tillaga Flokks fólksins er sú að svæði í borginni verði skipulögð þar sem sérstök áhersla er lögð á þarfir eldra fólks. Svæðin verði skilgreind sem plús 60 og jafnvel plús 75 og eingöngu hugsuð út frá þeirra þörfum.

Engin þörf væri fyrir uppbyggingu leik- og grunnskóla eða aðra þjónustu sem hugsuð er fyrir börn og barnafjölskyldur. Einblínt yrði á t.d. útisvæði með minigolfi, skemmtilegum garði eins og Hellisgerði, innisvæði þar sem hægt yrði að koma fyrir verkefnastofu, sameiginlegu svæði, aðstöðu fyrir heimahjúkrun o.s.frv. Svæðið verður að höfða til eldri borgara og hvetja til útivistar og tómtunda. Aðkoma félaga eldri borgara yrði hér afar mikilvæg. Hugsuð væri sér allt að 2-3.000 minni sérþýli sérhönnuð fyrir þarfir eldri borgara með miðlægum þjónustukjarna. Gönguleiðir og strætisvagnaleiðir yrðu vel hugsaðar með upphituum skýlum. Gæta yrði að öryggismálum í hvívetna.

Flokkur fólksins leggur til að efnt verði til samkeppni meðal arkitektastofa þar sem að þeim er gefinn kostur á að skipuleggja svæði annars vegar fyrir íbúa 60 ára og eldri og hins vegar fyrir íbúa 75 ára og eldri. Fyrri svæðið yrði þá með meiri útisvistarmöguleikum en síðara með meiri nærþjónustu eins og heimahjúkrun og sameiginlegu þjónusturými.